

Fundargerð.

Fundur í húsnæðisnefnd 29.08.02 kl. 12:00

Mætt: Sigurður R. Kristinsson formaður, Sveinbjörn Bjarnason, Bergný Birgisdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Axel Gunnarsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Dagskrá.

1. Nýting íbúða - umsóknir.
2. Drög að erindisbréfi.
3. Rekstur íbúða - húsaleiga.
4. Framlagðar tryggingar leigjenda.
5. Breytt húsnæðislög - Varasjóður húsnæðismála.

1. Erla B. Jónsdóttir sækir um Vesturveg 6b, samþ.samhljóða að hún fái íbúðina. Ákveðið að festa Vesturveg 8a fyrir Stefán Má Guðmundsson íþr.kennara.

2. Lögð fram drög að erindisbréfi húsnæðisnefndar, ef nefndarmenn hafa ekkert við það að ath. mun það verða lagt fyrir hreppsnefnd. Lagt fram til kynningar.

3. Útreikningur á samanburði á húsaleigu lagður fram. Siggi Raggi lagði til að skipuð yrði nefnd til þess að skoða þessi mál nánar, 3ja manna nefnd þ.e. Björn, Sveinbjörn og Sigurður. Samþ.samhljóða.

4. Umræður um tryggingavíxla. Húsnæðisnefnd gerir að tillögu sinni að tr.víxlar verði í 3 þrepum. 2ja herb. íbúð kr. 200.000.-, 4ra herb. kr. 300.000.- og einbýlishús kr. 400.000.-

5. Lagt fram bréf frá Félagsmálaráðuneytinu v. skýrslu nefndar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15
Jóhanna Helgadóttir, ritari.